



5. stjórnarfundur LH

Haldinn í Stykkishólmi 24. janúar 2015

Fundinn sátu:

Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eyþór Jón Gíslason, Jóna Dís Bragadóttir, Stella Björg Kristinsdóttir, Ólafur Þórisson, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson, aðalstjórn. Helga B. Helgadóttir, Rúnar Þór Guðbrandsson, Hrönn Kjartansdóttir, varastjórn.

Fundargerð ritaði: Stella Björg Kristinsdóttir

Dagskrá:

1) Samþykktir fundargerðar frá síðasta stjórnarfund

Framvegis er stefnt að því að samþykkja fundargerð í tölvupósti innan viku/10 daga og birta samþykta fundargerð næsta mánudag eftir fund. Í næstu fundargerð þarf að koma fram sem dagskrárliður að síðasta fundargerð hafi verið samþykkt.

2) Skógarhólar

Umræða um Skógarhóla. Gjaldkera og Andreu var falið að kanna aðdragandann að því að einkahlutafélag var stofnað í kringum Skógarhóla og möguleika á að rífta einkahlutafélaginu og færa eignarhaldið yfir á LH.

3) Lán fyrir LM

Lárus Ástmar lagði fram og kynnti minnisblað dags. 21. janúar sl., um fjárhagslega stöðu Landsmóts hestamanna ehf. Í minnisblaðinu er m.a. lagt til að LH gangist í "in-solidum" sjálfskuldarábyrgð (66,7%) ásamt BÍ (33,3%) vegna 10 mkr. láns sem fyrirhugað er að taka hjá viðskiptabanka félagsins í þeim tilgangi að greiða niður viðskiptaskuldir þess og reka skrifstofu þess a.m.k. á árinu 2015. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4) Íslandsmót hjá Spretti

Vegna beiðni Spretts um að fá að halda Íslandsmót yngri flokka og Íslandsmót fullorðinna saman sumarið 2015, lá fyrir mat lögmans og í anda matsins lá fyrir staðfesting stjórnar Harðar um þeir gerðu ekki athugasemd við að mótin verði haldin á sama tíma. Samþykkt samhljóða að verða við beiðni stjórnar Spretts að halda þessi mót saman helgina 10-11 júlí.

5) Munkaþverarmál



Andrea gerir grein fyrir stöðu mála og leggur stjórn til að samþykkja að áfrýja þessu máli. (Málið mun ekki kosta LH neitt en rýrir reiðvegafé.) Vantar áherslu á öryggisatriðið við að fara þessa leið, einnig gagnvart öikumönnum. Niðurstaða að Andrea safnar saman punktum til frekari útlístar á málavöxtum til handa lögmanninum sem rekur málið.

6) Önnur mál

- **HM 2015:** LH er hluthafi í HM
 - Aðildarlönd greiða inn í NIF og spurt er hvort LH sé búið að greiða það gjald.
 - Þessi samningur hlýtur að vera til inn í LH – (Jóhanna finnur samning)
 - Spurning hvaða skuldbindingar eru í garð LH varðandi HM?
 - Andrea kannar þetta nánar – (heyra í Halla og Eyþóri)
- **Afreksstefna** – Drög voru kynnt og áframhaldandi vinna. Niðurstöður verða kynntar til samþykktar á formannafundi.
- **Laganefnd** – Lagt var til að stofnuð verði Laganefnd til að fara yfir lög og reglur félagsins og óskað eftir samþykktum á landsþingi. Leitast eftir því við aganefnd að taka þetta að sér. (Jóna Dís)
- **Viðurkenningar**
 - Umræða varðandi viðurkenningar LH. Helga tekur að sér að fara yfir skyldur félagsins gagnvart þessum aðilum og gera þetta sýnilegt á vefsíðu LH,
 - (Heiðursfélagar vs. Gullmerki (Helga tekur að sér að kryfja þetta)
 - Gera sýnilegt á vefsíðu
 - Heimasíða félagsins þarfnast yfirferðar (jóhanna)

Formaður þakkar stjórn fyrir heimsóknina í Stykkishólm